

129 leið, hefir hreppsnefndaroddivitinn í Seltjarnarnesshreppi farið þess á leit, fyrir hönd
 15. des. þessa hrepps, að jeg breytti úrskurði yðar, herra amtmaður, dags. 20. ágúst þ. á. er á-
 kveður Magnús nokkurn Stefánsson í Steinakoti í Reykjavík sveitlægan í Seltjarnarness-
 hreppi.

En með því að það sjest af skjölum þeim, er fylgdu ofan nefndu erindi hrepps-
 nefndaroddivitans í Seltjarnarnesshreppi, að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu
 og bæjarfógetinn í Reykjavík hafa verið sammála um það, að Magnús þessi Stefánsson
 ætti ennþá framfærslurjett í Seltjarnarnesshreppi, þá getur enginn frekari ágreiningur
 álitizt um það vera, samkvæmt 3. gr. reglugjörðar 8. jan. 1834, einsog þjer einnig hafið
 tekið fram í ofan nefndu úrskurði yðar.

Jeg bið yður því, herra amtmaður, tilkynna hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps, að
 ofan nefnt erindi geti eigi orðið tekið til greina.

130 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um kærnu
 23. des. manns yfir aukaútsvari. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður,
 3. júní þ. á. hafið meðtekið og síðan sent ráðgjafanum fyrir Ísland tilsvár og skýrslu
 bæjarfógeta á Ísafirði, Skúla Thoroddsens, útaf kæruskjali til stjórnarráðsins frá skóara
 Guðmundi Guðmundssyni í Kaupmannahöfn, er jeg sendi yður með brjefi mínu 23.
 marz þ. á., og þar sem hann kvartaði sumpart yfir því, að jafnað hefði verið á hann
 10 króna aukaútsvari til Ísafjarðarkaupstaðar árið 1884 þóað hann hefði dvalið í kaup-
 staðnum skemur en 4 mánuði það ár, sumpart yfir aðferð nefnds bæjarfógeta gagnvart
 sjer við innheimtu gjaldsins — hefur ráðgjafinn nú, í brjefi 19. okt. þ. á., lagt úrskurð á
 málefni þetta á þann hátt, er nú skal sagt:

Að því er snertir fyrra atriði kærunnar er ráðgjafinn, eptir því sem fram er
 komið, þeirrar skoðunar, að ofanáminnst 10 króna aukaútsvar hafi eigi rjettilega verið
 lagt á kærandaðann. Að vísu verður þetta eigi, einsog kærandaðinn hefur haldið fram,
 byggt á því, að dvöl hans á Ísafirði hafi verið aðeins bráðabirgðadvöl, því að, eptir því
 sem upplýst er, verður hann að álitast hafa verið þar búsettur hinn umrædda tíma og
 rekið þar atvinnu sem borgari, og í reglugjörð um stjórn bæjarmálefna á Ísafirði, 26.
 jan. 1866, sem þá var í gildi, er það ekki, einsog í lögum 8. okt. 1883, sem náðu gildi
 1. jan. þ. á., gjört að skilyrði fyrir skattskyldu manns, að hann hafi dvalið ákveðinn tíma
 í bænum. Orsökinn til þess að eigi mátti leggja á kærandaðann útsvar til Ísafjarðarkaupstað-
 ar er aptur á móti sú, að hann, eptir því sem sjeð verður af málinu, kom eigi til nefnds
 kaupstaðar fyr en nokkru eptir þann tíma, er niðurjöfnuninni fyrir það ár var lokið,
 eða að minnsta kosti átti að hafa verið lokið samkvæmt ákvörðun ofan nefndrar reglu-
 gjörðar, og að í reglugjörðinni er engin slík heimild til aukaniðurjöfnunar á þá menn,
 er seinna hafa flutt til kaupstaðarins, sem veitt er í lögum 8. okt. 1883 (sbr. brjef
 dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu 15 júní 1868).
 Og þóað Guðmundur innan þeirra 3 vikna, er niðurjöfnunarskráin yfir skýrslu bæjarfó-
 getans lá frammi til sýnis, hafi eigi borið sig upp um málið við bæjarfógeta, þá getur
 hann eigi þarfyrir álitizt hafa misst rjett til að mótmæla álgögunni, því að auk þess sem
 nefnd skýrsla bæjarfógetans eigi ber það með sjer, að auglýst hafi verið almenningi
 samkvæmt 20. gr. reglugjörðarinnar, að niðurjöfnunarskráin væri framlögð, en slík aug-

lýsing hefði að minnsta kosti verið skilyrði fyrir nefndri mótmælafyrningu, þá getur **130**
 paraðauki aðeins framlegging skrár um þá niðurjöfnun, sem hefur verið gjörð *í tæka* 23. des.
tíð (innan loka maímánaðar) leitt slíka fyrningu með sjer, en eigi hver önnur framlegg-
 ing á niðurjöfnunarskrá, á hvaða tíma sem hún á sjer stað, og er í því tilliti enginn
 munur á því, hvort skráin er um alveg ólögheimilaða aukaniðurjöfnun eða um aðal-
 niðurjöfnun sem gjörð hefur verið löngu síðar en skyldi.

Af framantöldum ástæðum og af því að eigi verði sjöð ástæða til, að vísa kær-
 andanum til dómstólanna, einsog þjer, herra amtmaður, hafið stungið uppá, hefur ráð-
 gjafinn skorað á mig að leggja fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar að endurgjalda
 kærandanum, sem á heima í Kaupmannahöfn (Dronningensgade 16) 10 kr. þær, er
 ranglega hafa verið heimtar af honum.

Að því er snertir hið síðara kærutriðið þá hefur ráðgjafinn lagt fyrir mig að
 tjá bæjarfógeta Skúla Thoroddsen, að hann sje þeirrar skoðunar, að eigi hafi verið lög
 til þess, að leggja tálmanir fyrir burtför Guðmundar skóara frá Ísafirði, jafnvel þótt
 vissa hefði fyrir því verið, að hann hefði verið þar skattskyldur, að minnsta kosti eigi
 nema fylgt hefði verið reglunum um kyrsetning í einkamálum (civilarrest)

Um leið og jeg tilkynni yður þetta, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbein-
 ingar og birtingar fyrir Skúla sýslumanni og bæjarfógeta Thoroddsen, skal jeg þjónustu-
 samlega skora á yður, að leggja fyrir bæjarstjórnina á Ísafirði að endurgjalda Guðmundi
 skóara Guðmundssyni tafarlaust hinar umræddu 10 kr. og að senda amtinu áleiðis hing-
 að skýrslu um, að það hafi verið gjört.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C. 4.

Samþykktar tilögur amtsráðsins í norður- og austuramtinu um, að eptirnefndum búnaðar- og
 framfarafjelögum verði veittur þessi styrkur fyrir 1885.

1.	Búnaðarfjlagi Ashrepps	200 kr.
2.	—, — Svínavatnshrepps	327 —
3.	—, — Þorkelshólsbrepps	149 —
4.	—, — Sveinsstaðahrepps	126 —
5.	—, — Torfalækjarhrepps	140 —
6.	—, — Engihlíðarhrepps	100 —
7.	—, — Seiluhrepps	73 —
8.	—, — Staðarhrepps	62 —
9.	Jarðabótafjlagi Rípurhrepps	68 —
10.	Búnaðarfjlagi Vallahrepps	35 —
11.	Framfarafjlagi Arnarneshrepps	39 —
12.	—, — Yxndælinga	17 —
13.	—, — Öxnadals	11 —
14.	Búnaðarfjlagi Bægisársóknar	20 —
15.	Framfarafjlagi Glæsibæjarhrepps	59 —
16.	—, — Öngulsstaðahrepps	29 —
17.	—, — Grýtubakkahrepps	31 —
18.	Búnaðarfjlagi Ljósavatnshrepps	68 —
19.	—, — Helgastaðahrepps	54 —
20.	—, — Fljótsdalshrepps	44 —